

45. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 120/1975, sbr. reglugerð nr. 89/1977, 335/1977 og 54/1980.
46. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerð nr. 334/1977 og nr. 60/1980.
47. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 55/1980.
48. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðneshrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 56/1980.
49. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 128/1975, sbr. reglugerð nr. 59/1980.
50. Gjaldskrá fyrir Vogahöfn í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 57/1980.
51. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 58/1980.
Þrátt fyrir ofanritað skal aflgjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrá.

Samgönguráðuneytið, 2. maí 1980.

F. h. r.

Brynjólfur Ingólfsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 81 23. janúar 1980, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 4. maí 1980, er felld úr gildi reglugerð nr. 81 23. janúar 1980, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. maí 1980.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.